# KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla

2. árgangur
2. tölublað
Maí 2006


## Vordagar

*Allir nemendur fóru í vorferðalög nú í síðustu viku. Eldri hóparnir (Silungar og Laxar) fóru í ferð 22. maí á Þingvelli þar sem að sögufrægir staðir voru skoðaðir og farið í leiki. Því miður voru veðurguðirnir eitthvað að stríða okkur þann daginn og því var brugðið á það ráð að grilla á leiðinni heim í Sólbrekkurskógi. Ferðin heppnaðist í alla staði vel og voru bæði nemendur og kennarar ánægðir með ferðina.*







*Yngri hóparnir (Hvolpar, Kiðlingar og Kópar) fóru í vorferð 24. maí. Farið var í húsdýra- og fjölskyldugarðinn. Garðarnir voru skoðaðir og fræddust börnin um hin ýmsu dýr. Grillaðar voru pylsur og að lokum farið í leiki og leikið sér í leiktækjunum.*









## Bókasafnið

*Bókasafnið okkar fer að verða tilbúið. Mikill tími hefur farið í tæknimál og skráningu bóka þar sem við verðum fyrsta skólabókasafn í Reykjanesbæ sem tengist Gegni. Gegnir er samtengt landskerfi og munu öll bókasöfn verða tengd því í framtíðinni. Til þess að geta klárað skráningu allra bóka þurfa þeir sem enn eru með einhverjar bækur heima hjá sér að skila þeim sem fyrst til Rósu.*



## Lestrarátak

*Bókasafn Reykjanesbæjar mun verða með sumarlestur í sumar eins og gert var í fyrra. Dagana 22. til 31. maí munum við taka forskot á sæluna og leggja í lestrarátak í Akurskóla. Þar sem margt skemmtilegt tengt bókum og bókalestri verður á dagskrá.*


SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík

## Leikskólaheimsókn

Þeir leikskólanemendur sem skráðir hafa verið í Akurskóla næsta vetur komu í heimsókn til okkar í Skólann á dögunum. Fyrri hópurinn kom 26. apríl og síðari 8. maí. Nemendurnir voru komnir til að kynna sér skólann og var hópnum skipt upp í smærri hópa sem fóru inn í bekkina og tóku þátt í hefðbundnu skólastarfi þar með öðrum nemendum.







## Þökkum samstarfið

Starfsfólk Akurskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið í vetur. Við vonum að allir eigi ánægjulegt sumar og hlökkum til að hitta ykkur í haust.
Skólasetning næsta haust verður þriðjudaginn 22. ágúst en nánari tímasetning verður auglýst í staðarblöðunum þegar nær dregur. Skóladagatal næsta skólaárs er birt hér í þessu fréttabréfi og gott er að geyma það. Gleðilegt sumar



## Námskeið

Í maí mánuði voru haldin námskeið fyrir nemendur Silunga, Laxa og foreldra þeirra. Voru námskeiðin skipulögð af Foreldrafélagi Aurskóla í samvinnu við skólann. Að þessu sinni var boðið uppá grænmetisnámskeið, skáknámskeið, mótelnámskeið og myndþrykk. Námskeiðin voru haldin einu sinni í viku í tvo tíma í senn í þrjár vikur. Góður hópur skráði sig á námskeiðin og var mikil stemning.









## Sumarfrí og Vorhátíð

Nú er farið að styttast í sumarfrí nemenda. Skólaslit verða 6. júní kl. 09:00 hjá Kópum, Hvolpum og Kiðlingum á sal skólans, en klukkan 10:00 hjá Löxum og Silungum. Foreldrar er beðnir um að mæta með börnum sínum.





Vorhátíð Akurskóla er haldin hátíðleg 2. júní á skólatíma.
Þar munum við skemmta okkur við ýmsar leiki. Keppa í íþróttum og takast á við fjölbreyttar þrautir. Foreldrar og systkini eru velkomnir og geta annað hvort fylgst með eða tekið þátt.

Kornið
Fréttabréf Akurskóla
Ábyrgðarmaður: Dröfn Rafnsdóttir

Akurskóli
Tjarnabraut 5
S: 420 4550 Fax: 420 4551
www.akurskoli.is
akurskoli@akurskoli.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Skóladagatal 2006 - 2007

**Nafn skóla:** **Akurskóli**

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Þ | | 1 F | | 1 S | | 1 M | | 1 F | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur | 1 F | | 1 F | | 1 S | Pálmasunnudagur | 1 Þ | Verkalýðsdagurinn | 1 F | |
| 2 M | | 2 L | | 2 M | | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | | 2 F | | 2 M | | 2 M | | 2 L | |
| 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 L | | 3 L | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | |
| 4 F | | 4 M | | 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 S | | 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 M | |
| 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | | 5 Þ | | 5 F | | 5 M | | 5 M | | 5 F | Skírdagur | 5 L | | 5 Þ | |
| 6 S | | 6 M | | 6 F | | 6 M | | 6 M | | 6 L | | 6 Þ | | 6 Þ | | 6 F | Föstudagurinn langi | 6 S | | 6 M | Vorhátið |
| 7 M | Frídagur verslunarmanna | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | | 7 M | | 7 M | Starfsdagur | 7 L | | 7 M | | 7 F | Skólaslit |
| 8 Þ | | 8 F | | 8 S | | 8 M | | 8 F | | 8 M | | 8 F | | 8 F | | 8 S | Páskadagur | 8 Þ | | 8 F | Starfsdagur |
| 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | Matsdagur | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | | 9 F | | 9 M | Annar í páskum | 9 M | | 9 L | |
| 10 F | | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | | 10 L | | 10 L | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 S | | 11 S | | 11 M | | 11 F | | 11 M | Starfsdagur |
| 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 Þ | | 12 F | | 12 M | | 12 M | | 12 F | | 12 L | | 12 Þ | Starfsdagur |
| 13 S | | 13 M | | 13 F | | 13 M | | 13 M | | 13 L | | 13 Þ | | 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 M | |
| 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | | 14 M | Matsdagur | 14 M | | 14 L | | 14 M | | 14 F | |
| 15 Þ | Undirbúningur | 15 F | | 15 S | | 15 M | | 15 F | | 15 M | | 15 F | | 15 F | | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | |
| 16 M | Undirbúningur | 16 L | | 16 M | | 16 F | Dagur ísl. Tungu | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 F | | 16 M | | 16 M | | 16 L | |
| 17 F | Undirbúningur | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 M | | 17 L | | 17 L | | 17 Þ | | 17 F | Uppstigningardagur | 17 S | Lýðveldisdagurinn |
| 18 F | Undirbúningur | 18 M | Samtöl | 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | | 18 S | Konudagur | 18 S | | 18 M | | 18 F | | 18 M | |
| 19 L | | 19 Þ | | 19 F | Samr.pr. Íslenska | 19 S | | 19 Þ | | 19 F | Bóndadagur | 19 M | Bolludagur | 19 M | | 19 F | Sumardagurinn fyrsti | 19 L | | 19 Þ | |
| 20 S | | 20 M | Íþróttadagur | 20 F | Samrrr.pr. Stærðfræði | 20 M | | 20 M | jólahátíð | 20 L | | 20 Þ | Sprengidagur | 20 Þ | | 20 F | | 20 S | | 20 M | |
| 21 M | Undirbúningur | 21 F | | 21 L | Fyrsti vetrardagur | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | | 21 M | Öskudagur | 21 M | | 21 L | | 21 M | | 21 F | |
| 22 Þ | Skólasetning | 22 F | | 22 S | | 22 M | Starfsdagur | 22 F | | 22 M | | 22 F | | 22 F | | 22 S | | 22 Þ | | 22 F | |
| 23 M | Kennsla hefst | 23 L | | 23 M | | 23 F | | 23 L | | 23 Þ | Starfsdagur | 23 F | | 23 F | Árshátíð | 23 M | | 23 M | Starfsdagur | 23 L | |
| 24 F | | 24 S | | 24 Þ | | 24 F | | 24 S | Aðfangadagur jóla | 24 M | | 24 L | | 24 L | | 24 Þ | | 24 F | | 24 S | |
| 25 F | | 25 M | | 25 M | | 25 L | | 25 M | Jóladagur | 25 F | | 25 S | | 25 S | | 25 M | | 25 F | | 25 M | |
| 26 L | | 26 Þ | Evrópski tungam.d. | 26 F | | 26 S | | 26 Þ | Annar í jólum | 26 F | | 26 M | | 26 M | | 26 F | | 26 L | | 26 Þ | |
| 27 S | | 27 M | Stærðfræðidagurinn | 27 F | VeVetrarleyfi | 27 M | | 27 M | | 27 L | | 27 Þ | | 27 Þ | | 27 F | | 27 S | Hvítasunnudagur | 27 M | |
| 28 M | | 28 F | | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | | 28 M | | 28 M | | 28 L | | 28 M | Annar í hvítasunnu | 28 F | |
| 29 Þ | | 29 F | Starfsdagur | 29 S | | 29 M | | 29 F | | 29 M | | | | 29 F | | 29 S | | 29 Þ | | 29 F | |
| 30 M | | 30 L | | 30 M | Vetrarleyfi | 30 F | | 30 L | | 30 Þ | | | | 30 F | | 30 M | | 30 M | | 30 L | |
| 31 F | | | | 31 Þ | | | | 31 S | Gamlársdagur | 31 M | | | | 31 L | | | | 31 F | | | |

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.